



LÖGMENN

- KÓPAVOGI -

b.t. Bæjarráðs
Kópavogsbær skrifstofa
Digranesvegur 1,
200 Kópavogur

Málefni: Styrktarbeiðni vegna djúpgáma hjá Engihjalla 1.

Undirritaður fer fyrir hönd húsfélagsins við Engihjalla 1. Vinnueftirlitið hefur haft til skoðunar aðstæður við sorphirðu við Engihjalla 1-25 en Gámafélagið ehf. annast sorphirðu fyrir hönd Kópavogsbæjar í þessum húsum. Vinnueftirlitið framkvæmdi eftirlitsheimsókn þann 9. desember 2019 í kjölfar vinnuslyss sem hafði verið tilkynnt á svæðinu. Í eftirlitsferð Vinnueftirlitsins voru skoðaðar vinnuaðstæður starfsfólks við sorphirðu og voru þær að mati eftirlitsins óviðunandi vegna mikillar hættu á líkamlegu ofálagi. Í kjölfarið gerði eftirlitið kröfur um úrbætur sem beindust að Gámafélaginu ehf en málið virðist síðan hafa legið á borði vinnueftirlitsins um þó nokkra hríð án þess að nokkuð hafi verið gert. Eins og málið er háttað voru húsfélögin við Engihjalla 1-25 ekki upplýst um þetta fyrr en með bréfi þann 25. janúar 2022. Í kjölfarið hafa húsfélögin setið tvo fundi hjá vinnueftirlitinu þar sem farið hefur verið yfir málið og leitað lausna. Ása Arnfríður Kristjánsdóttir og Birkir Rútsson frá Kópavogsbæ hafa m.a. setið framangreinda fundi. Á umræddum fundum hefur Vinnueftirlitið upplýst að það hyggt stöðva sorphirðu á svæðinu ef ekkert verður að gert en hefur veitt frest fram til 1. september 2022 fyrir aðila til að leita lausna.

Við mat á lausnum hefur verið litið til þeirra breytinga sem munu líklega koma til framkvæmda við upphaf næsta árs með samræmdu sorphirðukerfi á höfuðborgarsvæðinu. Með þetta að leiðarljósi telur stjórn húsfélagsins við Engihjalla 1 að farsælast væri að koma fyrir djúpgám með því flokkunarkerfi sem koma skal. Með því móti væri að öllu leyti komið í veg fyrir líkamlega áreynslu við sorphirðu á svæðinu auk þess sem verið væri að aðlaga sig að breyttu sorphirðukerfi.

Húsfélagið telur mikilvægt að bæjarfélagið komi að lausn á þeim vanda sem steðjar að sorphirðu á svæðinu. Vísað er til þess að Kópavogsbær ber skv. lögum ábyrgð á sorphirðu á svæðinu. Ef kemur til vinnustöðvunar má vera ljóst að Kópavogsbær þyrfti að koma fyrir þó nokkrum sorpgerðum á svæðinu til að uppfylla lagaskyldu sína. Þessu myndi fylgja þó nokkuð óhagræði fyrir bæjarfélagið. Í fyrsta lagi mætti nefna kostnað við að koma sorpgerðum fyrir. Í öðru lagi þyrfti bæjarfélagið að greiða leigutaka lóðarinnar aðstöðugjald fyrir gámana sbr. 13. gr. lóðarleigusamnings. Í þriðja lagi er kveðið á um það í 6.12.8. gr. byggingarreglugerðar að sorpgerði megi ekki vera fjær inngangi byggingar en sem svarar 25 m. Þetta kynni að valda einhverjum vandræðum þegar verið væri að leita að heppilegri staðsetningu fyrir hvert hús fyrir sig.

Með þetta fyrir augum vill húsfélagið við Engihjalla 1, kanna vilja Kópavogsbæjar til að styrkja húsfélagið vegna standsetningar djúpgámakerfis. Samkvæmt meðfylgjandi tilboði sem húsfélagið hefur leitað eftir er kostnaður við djúpgámakerfi fyrir húsfélagið kr. 9.635.000,- en við það bætist kostnaður við að koma gámunum fyrir. Húsfélagið hefur ekki tekist að afla tilboðs í þennan þátt en af þeim verktökum sem rætt hefur verið við má lauslega áætla að kostnaður við að koma gámnum fyrir sé um kt. 6.000.000,-. Hár kostnaður við niðursetningu skýrist af því að jarðvegur í kringum húsi sé að miklu leyti til klöpp. Að samtölu er gróflega áætlaður kostnaður sé um kt. 15.635.000,- en húsfélagið leitast eftir því að bæjarfélagið styrki húsfélagið um helming kostnaðarins.

Með von um jákvæð viðbrögð.

Kópavogur 13. maí 2022
Með kveðju,

Börkur I. Jónsson
Lögmaður